

Fimmtudaginn 23. maí 1991.

Nr. 117/1988. **Þrotabú Fógetans h/f**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Aðalbirni Steingrímssyni

(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)

og Aðalbjörn Steingrímsson

(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)

gegn

Þrotabúi Fógetans h/f og

Sjóvá - Almennum tryggingum h/f

til réttargæslu

(Haraldur Blöndal hrl.).

Líkamsmeiðingar. Skaðabótamál. Gjafsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Fógetinn h/f skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. maí 1988.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 3. ágúst 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. júlí 1988 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 30. desember 1988, var bú Fógetans h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Hefur þrotabúið tekið við aðild málsins.

Aðaláfrýjandi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur gagnáfrýjanda er þessar:

Aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 1.170.332 krónur með 22% ársvöxtum frá 17. maí 1985 til 1. mars 1986, með 12% frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% frá þeim degi til 20. janúar 1987, með 10% frá þeim degi til 20. febrúar 1987,

með 11% frá þeim degi til 30. apríl 1987, með 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, með 13% frá þeim degi til 11. júlí 1987, með 15% frá þeim degi til 21. september 1987, með 17% frá þeim degi til 11. október 1987, með 19% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 20% frá þeim degi til 1. desember 1987, með 22% frá þeim degi til 26. janúar 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá gerir gagnáfrýjandi kröfu til þess, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. janúar 1989.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, er beri dráttarvexti auk 24,5% virðisaukaskatts, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Til vara er gerð sú dómkrafa, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, er beri dráttarvexti auk 24,5% virðisaukaskatts eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi fékk gjafsókn í héraði með bréfum dómsmálaráðuneytisins 20. maí 1987 og 4. febrúar 1988 og gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi ráðuneytisins 19. júní 1989.

Í héraði stefndi gagnáfrýjandi Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til að gæta réttar síns í málinu. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir, að Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hefði sameinast Sjóvá-Almennum tryggingum h/f, og tæki hið síðarnefnda við aðild réttargæslustefnda fyrir Hæstarétti. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæslustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

I.

Fógetinn h/f rak nefnt veitingahús á þeim tíma, er slysið varð. Var sala áfengis þáttur í rekstri veitingahússins.

Hinn 21. maí 1985 lagði gagnáfrýjandi fram kæru hjá rannsóknarlögreglu ríkisins á hendur dyravörðunum Gunnari Björgvinssyni og Valgeiri Rúnarssyni fyrir líkamsmeiðingar. Jafnframt gaf gagnáfrýjandi skýrslu um málsatvik.

Við lögreglurannsókn 24. til 31. maí 1985 voru teknar skýrslur af dyravörðunum tveim og Unni Björk Guðmundsdóttur, sem vann við framreiðslustörf í veitingahúsinu. Unnur Björk kvaðst hafa verið við vinnu inni í veitingasalnum nefnt kvöld, en hún hefði ekki veitt gagnáfrýjanda athygli fyrr en átök áttu sér stað. Þrátt fyrir

áskorun gagnáfrýjanda var Unnur Björk eigi leidd fyrir dóm til að gefa vitnaskýrslu í málinu. Þá fórst fyrir, að tekin væri vitnaskýrsla af hljóðfæraleikara, sem var að störfum í veitingahúsinu umrætt kvöld, en af frásögn gagnáfrýjanda má ætla, að hann kunni að hafa orðið vitni að hegðun hans og skiptum við dyraverði hússins. Dyraverðirnir eru því þeir einu af starfsmönnum veitingahússins, sem hafa tjáð sig um ónæði það, sem þeir telja, að gagnáfrýjandi hafi valdið í veitingahúsinu, en þeir hafa ekki staðfest fyrir dómi skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu.

Vitnið Jón Sigurður Ólafsson, skólafélagi gagnáfrýjanda, sem ekki neytti áfengis þarna um kvöldið, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að gagnáfrýjandi hafi öðru hverju verið við borðið, þar sem vitnið sat. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að kvartað hafi verið yfir hegðun gagnáfrýjanda.

Vitnið Guðmundur Leifsson, sem einnig var skólafélagi gagnáfrýjanda, greinir svo frá fyrir dómi, að gagnáfrýjandi hafi komið í veitingahúsið um klukkan ellefu. Vitnið og félagar þess hafi setið við borð inni í horni. „Við vorum þar mestallt kvöldið. Hann kom þangað til okkar, og svo vorum við svona, eins og gengur og gerist, bara á staðnum, má segja.“ Aðspurt um hegðun gagnáfrýjanda sagði vitnið: „Það var ekkert óeðlilegt við hana. Við vorum þarna að skemmta okkur, og hann var ekkert óeðlilegur, ekki hegðunin, þannig lagað, hann var eins og við hinir.“ Vitnið varð þess ekki áskynja, að kvartað væri yfir hegðun gagnáfrýjanda.

II.

Fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu aðaláfrýjanda, að eigi væri nú um það deilt, að meiðsli gagnáfrýjanda mætti eingöngu rekja til atvika þeirra, sem gerðust í veitingahúsinu Fógetanum hinn 17. maí 1985.

Af þeim, sem til frásagnar eru í málinu, eru dyraverðirnir einir um þá fullyrðingu, að hegðun gagnáfrýjanda hafi eigi verið með skaplegum hætti. Er ósannað gegn andmælum gagnáfrýjanda, að framkoma hans hafi verið slík, að réttmætt hafi verið að vísa honum á dyr og að nauðsyn hafi borið til, að dyraverðirnir beittu valdi til að framfylgja ákvörðun sinni um það. Verður að ætla, að meiðsli gagnáfrýjanda hafi hlotist af harðræði, er hann sætti af hálfu dyravarðanna. Þeir voru að störfum í þjónustu Fógetans h/f,

og ber því félagið fébótaábyrgð á framferði þeirra gagnvart gagnáfrýjanda og tjóni hans af völdum þess.

Ósannað er, að viðbrögð gagnáfrýjanda við valdbeitingu dyra-
varðanna hafi verið slík, að sakast verði við hann um það, hvernig
til tókst. Eru því ekki næg efni til, að bótaréttur hans verði skertur
vegna eigin sakar. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að bæta tjón
gagnáfrýjanda að fullu.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Varanleg örorka	kr. 1.092.700
Frá dragast vegna skattfrelsis bóta	— 200.183
	kr. 892.517
Par frá dragast 5% vegna hægræðis af eingreiðslu	— 44.626
	kr. 847.891
2. Tímabundin örorka	— 146.200
Frá dragast greidd laun	— 13.759
	kr. 132.441
3. Miskabætur	— 200.000
Samtals	kr. 1.170.332

Rétt þykir að taka kröfu gagnáfrýjanda um bætur fyrir varanlega
örorku til greina með 750.000 krónum. Þá ber að taka annan kröfu-
lið, að fjárhæð 132.441 króna, til greina að fullu. Miskabótakrafa
gagnáfrýjanda þykir hæfilega metin 100.000 krónur.

Samkvæmt ofanskráðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýj-
anda samtals 982.441 krónu með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Svo sem fyrr greinir, hafði gagnáfrýjandi gjafsókn í héraði. Hér-
aðsdómari dæmdi aðaláfrýjanda til greiðslu málskostnaðar, samtals
að fjárhæð 130.000 krónur, án þess að tilgreina sérstaklega þóknun
til talsmanns gjafsóknarhafa. Er það aðfinnsluvert, sbr. 3. tl. 173.
gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þrátt fyrir
þetta þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða
gagnáfrýjanda 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er
renni óskertur til skipaðs talsmanns hans, Guðnýjar Höskuldsdóttur
hæstaréttarlögmanns, enda verður ekki séð, að ríkissjóður hafi
greitt neinn kostnað af rekstri málsins fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, þrotabú Fógetans h/f, greiði gagnáfrýjanda, Aðalbirni Steingrímssyni, 982.441 krónu með 22% ársvöxtum frá 17. maí 1985 til 1. mars 1986, með 12% frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% frá þeim degi til 30. apríl 1987, með 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, með 13% frá þeim degi til 11. júlí 1987, með 15% frá þeim degi til 21. september 1987, með 17% frá þeim degi til 11. október 1987, með 19% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 20% frá þeim degi til 1. desember 1987, með 22% frá þeim degi til 1. mars 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni til skipaðs talsmanns hans, Guðnýjar Höskuldsdóttur hæstaréttarlögmans.

S é r a t k v æ ð i

**Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara
og Gunnlaugs Briem yfirsakadómara.**

Þrátt fyrir ónógar upplýsingar um átök gagnáfrýjanda og dyra-
varða í veitingahúsinu Fógetanum umrætt sinn verður að telja ljóst,
að gagnáfrýjandi hafi tregðast við að hverfa á brott úr veitingahús-
inu og brugðist við af nokkurri hörku, þegar dyraverðirnir hugðust
beita hann valdi. Hafi hann veitt þeim verulega mótspyrnu, er rekja
megi til ölvunar hans, og átökin borist um veitingahúsið. Með tilliti
til þessa teljum við rétt að fallast á það með héraðsdómara, að gagn-
áfrýjandi eigi sjálfur að bera 1/3 hluta tjóns af þeim meiðslum, er
hann hlaut í átökunum. Að öðru leyti erum við samþykkir atkvæði
meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. febrúar 1988.

1.0. Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutn-
ingi föstudaginn 5. febrúar sl., hefur Aðalbjörn Steingrímsson, nnr. 0024-

8126, Langeyrarvegi 11, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 22. september 1987, á hendur veitingahúsinu Fógetanum hf., nnr. 2376-2200, Austurstræti 10, Reykjavík, og Sjóváttryggingafélagi Íslands hf., Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnt fyrirtæki verði dæmt til að greiða honum skaðabætur, að fjárhæð kr. 1.500.000, með [nánar tilteknum vöxtum svo og málskostnað].

Ekki eru gerðar kröfur á réttargæslustefnda, Sjóváttryggingafélagi Íslands hf.

Dómkröfur stefnda, Fógetans hf., eru þær aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara er þess krafist, að stefndi verði aðeins dæmdur til þess að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Þá krefst stefndi þess, að honum verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Engar kröfur eru gerðar af hálfu réttargæslustefnda.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0. Stefnandi lýsir málsatvikum og málsástæðum svo, að hann hafi komið á veitingahúsið Fógetann um kl. 22.30 að kvöldi 17. maí 1985 til að fagna lokaáfangi í námi ásamt skólafélögum sínum, sem voru staddir þar fyrir. Segist stefnandi munu hafa farið upp á pall, þar sem skemmtikraftar (sic) hússins voru staðsettir (sic), og dyraverðir hússins hafi haft afskipti af honum vegna þess. Síðar hafi annar dyravörður stefnda aftur haft afskipti af stefnanda, án þess þó að nokkur augljós ástæða hafi virst vera fyrir hendi. Segir stefnandi, að annar muni hafa gripið til hans, en við það hafi komið til einhvers konar átaka á milli stefnanda og dyravarda, sem lauk með því, að annar dyravardanna hafi gripið í stefnanda aftan frá og skellt honum í gólf. Telur stefnandi, að hann hafi handleggsbrotnað um leið. Samkvæmt lýsingu sjónarvotts hafi stefnandi verið rólegur að sjá eftir þetta.

Stefnandi hafi yfirgefið veitingahús stefnda tæpri klukkustund síðar til að ná í leigubíl, en hafi komið síðan aftur og óskað eftir því, að pantaður yrði leigubíll, sem og hafi verið gert, og hafi hann síðan farið heim. Þar sem stefnandi hafi haft miklar kvalir í handleggnum, hafi hann strax um nóttina farið upp á slysideild Borgarspítalans, þar sem læknir hafi gefið honum kvalastillandi sprautu og hafi beðið hann um að koma aftur kl. 10.00 um morguninn, þar sem röntgenmynd hafi verið tekin af handleggnum og í ljós hafi komið, að handleggurinn hafi verið brotinn. Handleggur stefnanda hafi verið settur í gifs, þar sem hann hafi brotnað um olnbogann.

Stefnandi hafi verið með gifs í 5 vikur og síðan í æfingum með handlegginn. Vegna aukinna óþæginda hafi orðið að gera aðgerð að nýju á olnbog-

anum. Í októberlok 1985 hafi pinni verið tekinn úr brotinu og losað um taugina, og hafi stefnandi verið talinn vinnufær um miðjan nóvember 1985.

Krafa hafi verið gerð á hendur stefnda um greiðslu skaðabóta, en henni hafi algerlega verið hafnað, og hafi því málsókn þessi verið nauðsynleg. Stefnandi segir, að frjáls ábyrgðartrygging hafi verið keypt hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. og sé því stefnt til réttargæslu.

3.0. Stefnandi segir, að kröfur hans séu um greiðslur bóta vegna fjárhagslegs og ófjárhagslegs tjóns, er stefnandi hafi orðið fyrir vegna afskipta starfsmanna stefnda aðfaranótt 17. maí 1985. Jón Erlingur Þorláksson hafi reiknað út áætlað tekjutap stefnanda, sem hann hafi talið nema kr. 865.700 í maí 1986, en kr. 1.238.900 hinn 26. janúar 1988. Þá hafi verið gerð krafa um ófjárhagslegt tjón stefnanda, kr. 200.000. Vegna ófyrirséðrar hækkunar á tjóni stefnanda sé stefnt fyrir fjárhagstjóni, að fjárhæð kr. 1.300.000, þ.e. samtals vegna fjárhagslegs og ófjárhagslegs tjóns kr. 1.500.000, sem sé stefnufjárhæðin.

Stefnandi byggir kröfur sínar á almennu skaðabótreglunni og reglum skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna á tjóni, er þeir valda með ásetningi eða gáleysi við störf sín. Stefnandi telur stefnda bera ábyrgð á tjóni sínu, þar sem það var starfsmaður hans, sem áverkanum olli, og því beri stefndi fébótaábyrgð á tjóni hans. Þá byggir stefnandi kröfur sínar um miskabætur, þ.e. bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, á 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá vísar stefnandi til almennra reglna og dómnafordæma. Um heimild til að stefna fyrir mun hærri fjárhæð en kröfufjárhæð vísar hann til 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, þar sem fjárhagstjón stefnanda komi til með að hækka undir rekstri málsins, og geti stefnandi því komið að hækkun fjárhæðar án þess að fá til þess sérstakt leyfi eða að þurfa að framhaldsstefna á síðari stigum fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti, ef til kæmi. Um málskostnað vísar stefnandi til 177. gr. og 185. gr. laga nr. 85/1936.

4.0. Stefndi segir málavexti vera þá, að föstudagskvöldið 17. maí 1985 hafi stefnandi komið inn á veitingahúsið Fógetann, sem sé eign stefnda. Hafi stefnandi verið að fagna námsáfanga. Er inn á Fógeta kom, hafi hann farið í innri sal og að borði, sem var fast upp að palli, þar sem hljóðfæraleikarar skemmta gestum. Stefnandi hafi farið upp á pallinn og hafi að eigin sögn verið að tala við píanóleikara. Hafi þetta valdið truflun og hafi orðið til þess, að annar dyravarða hússins, Gunnar Björgvinsson, hafi beðið stefnanda að fara ofan af pallinum, og hafi það tekist eftir nokkurt þóf. Gunnari virtist maðurinn ekki eiga sæti við neitt ákveðið borð, og styðjist það við frásögn stefnanda, sem segi, að fyrir á Fógetanum hafi verið félagar

sínir og kennarar, sem hafi komið fyrir og borðað. Gunnar dyravörður segir í skýrslu sinni, að stefnandi hafi verið með leiðindi og verið talsvert æstur, m.a. hafi hann tekið blússu píanóleikarans og fleygt henni á borð kunningja sinna.

Gunnar dyravörður hafi varað hinn dyravörðinn, Valgeir Rúnarsson, við og beðið hann að hafa auga með stefnanda. Segir Valgeir í skýrslu hjá lögreglu, að stefnandi hafi verið mjög drukkinn. Hafi Valgeir sagst hafa orðið að hafa afskipti af stefnanda, skömmu eftir að Gunnar hafi rekið hann ofan af sviðinu, en í þriðja sinnið hafi stefnandi verið orðinn til hreinna leiðinda, og hafi Valgeir þá beðið hann að yfirgefa húsið. Stefnandi hafi mótmælt þessu. Hafi þá Gunnar komið að og Valgeir farið að dyrunum, en Gunnar hafi reynt að fá stefnanda til þess að fara út með góðu, og hafi stefnandi fallist á það. Hafi hann gengið að útidyrum, en er stefnandi hafi komið að Valgeiri, hafi hann ráðist að honum og lamið til hans. Gunnar segist þá hafa komið aftan að stefnanda og haldið höndum hans niður með síðum. Valgeir hafi þá haldið um hægri hönd mannsins um handarbak og reynt að losa tak stefnanda á sér, en hann muni hafa gripið til Valgeirs, eftir að hann sló til hans. Gunnar hafi haldið um þá vinstri. Saman hafi dyraverðirnir reynt að róa stefnanda, en hann hafi brotist um, og hafi orðið nokkrar stimpingar. Hafi þær endað með því, að leikurinn hafi borist inn í sal, að sögn vitnisins Unnar Bjarkar Guðmundsdóttur, og hafi glös fallið af borðum. Hafi þeir fallið, Gunnar og stefnandi, um síðir á vinstri hlið á gólfið, en þá muni Valgeir hafa sleppt tókum sínum. Unnur Björk segi, að stefnandi og Gunnar hafi staðið fljótlega upp, og hafi stefnandi þá verið orðinn rólegur. Í framhaldi af þessu hafi stefnandi yfirgefið húsið, en nokkru seinna hafi hann komið og beðið dyraverðina að hringja fyrir sig á leigubífreið, og hafi dyraverðirnir gert það. Stefnandi hafi þá kvartað um það, að sér væri illt í hendinni.

Stefnandi hafi farið heim til sín, en farið síðar um nóttina á slysadeild Borgarspítalans, og hafi hann þá verið brotinn á hægri olnboga. Gert hafi verið að brotinu, og hafi virst nást mjög góð og stöðug brotlega. Hafi stefnandi verið settur í gifs, og eftir hefðbundinn 5 vikna gífstíma hafi verið farið að æfa upp hreyfiferil olnbogans.

Um haustið hafi verið ákveðið að gera nýja aðgerð á stefnanda vegna verulegra óþæginda, er hafi verið „að hluta frá teininum og vírunum, sem notaðir voru til þess að festa brotið, og að hluta vegna þrýstings á nærliggjandi taug“, eins og segi í læknisvottorði Brynjólfs Mogenssens, dr. med. Endanlegt eftirlit hafi farið fram í janúar 1986, og „leið stefnanda þá ágætlega í handleggnum, en hann þreyttist þó mikið, ef hann reyndi að smíða, þó að það hyrfi, er hann hvíldi sig“, eins og segi í sama læknisvottorði.

5.0. Í greinargerð stefnda segir, að stefnandi hafi verið metinn til örorku, og sé matið talið 100% í þrjá mánuði frá slysdegi, 50% í einn mánuð og eftir það varanleg örorka 10%. Af atvikum sé ljóst, að stefnandi eigi sjálfur sök á meiðslum sínum. Hann hafi sannanlega verið ölvaður, hann viðurkenni m.a. að hafa farið upp á hljómsveitarpall að tala við þann, sem þar hafi verið að spila fyrir gesti. Síðan hafi hann haldið leiðindum sínum áfram, og hafi orðið að vísa honum á dyr. Þá hafi hann ráðist að dyraverðinum, og hafi dyraverðirnir orðið að beita stefnanda valdi til þess að róa hann, og endi leikurinn með því, að stefnandi og annar dyravörðurinn falli í gólfíð. Þá fyrst róist stefnandi. Starfsmenn stefnda hafi ekkert annað gert en rækja störf sín með því að stöðva stefnanda og í því að verjast árás hans á annan dyravörðinn. Ef meiðsli stefnanda séu vegna átaka hans við dyraverðina, geti hann sjálfum sér um kennt og eigi að bera sjálfur sitt tjón.

Ef ekki sé fallist á að sýkna stefnda algerlega af kröfum stefnanda, beri með vísan til atvika að skipta sök og leggja meiri hluta sakar á stefnanda. Þá er því enn haldið fram, að tjón stefnanda verði ekki eingöngu rakið til þeirra atburða, er urðu í veitingahúsi stefnda. Að eigin sögn stefnanda verði átökin um kl. 23.00. Stefnandi fari heim til sín um kl. 0.40, en fari ekki á slysavæðstofu fyrr en kl. 3.00. Stefnandi hafi verið drukinn þennan tíma, og hafi brotið getað átt sér stað á þessum tíma eða versnað vegna ónógrar hirðu stefnanda. Enn fremur virðist upphafleg meðferð slysadeildar Borgarspítala hafa mistekist að einhverju leyti, a.m.k. sé talið nauðsynlegt að gera aðra aðgerð á olnboga stefnanda.

Stefndi mótmælir kröfugerð stefnanda. Hann efast ekki um, að örorka stefnanda sé út af fyrir sig rétt metin eftir tíðkanlegum aðferðum. Því sé hins vegar mótmælt, að hin læknisfræðilega örorka hafi skert aflahæfi stefnanda í þeim mæli, er hlutfallstala örorkumatsins segi. Stefndi segir, að við ákvörðun skaðabóta vegna fjárhagstjóns af varanlegri örorku sé tekið tillit til skattfrelsis bóta og hagræðis af eingreiðslu. Við þá breytingu skattheimtu og skattstiga, sem felist í staðgreiðslukerfi, virðist einsýnt, að staðgreiðsluskattur komi óskertur til frádráttar og nemi um 35%. Auk þess komi til álita hagræði af eingreiðslu, og virðast ekki efni til að meta það minna en 10% til viðbótar.

Um vexti segir stefndi, að tekið skuli fram, að eðlilegt sé að dæma þá jafnháa og með sama hætti og þeim sé beitt við ákvörðun eingreiðsluverðmætis skaðabóta vegna örorkutjóns, ef til komi. Ekki standi efni til að greiða dráttarvexti í máli þessu, og verði vaxtalögum ekki beitt, enda síðar sett en atvik gerðust. Kröfu um, að vextir bætist við höfuðstól einu sinni á ári, sé andmælt og bent á, að við gerð líkindareiknings séu notaðir einfaldir vextir, og sé út í hött að beita samsettum vöxtum (vaxtavöxtum) í

sömu andrá. Raunar virðist rétt að endurskoða allan vaxtagrundvöll örorkutjónsútreikninga eftir gildistöku nýju vaxtalaganna, þar sem gert sé ráð fyrir því sem aðalreglu, að vextir séu samsettir, en til þessa hafi ekki verið gert ráð fyrir því.

Þá mótmælir stefndi miskabótakröfu sem allt of hárrí og í ósamræmi við dómvenju. Taka beri jafnframt tillit til þess við ákvörðun miskabóta, að stefnandi hafi sjálfur átt upptökin að átökunum.

Stefndi segir, að við ákvörðun vaxta af miskabótakröfu virðist eðlilegt að reikna vexti eins og um sé að ræða fjárhagstjón, ef miskinn sé reiknaður á verðlagi slysdags. Ef hins vegar miski sé reiknaður á verðlagi við uppsögu dóms, sem virðist á margan hátt eðlilegra, þar sem meta verður miskann af mörgu, er gerist eftir slysdag, m.a. áhrifum slyss á hugarfar hins slasaða, hvernig meiðslin hafi verið, hvort lækniðgerðir og sjúkdómslega hafi verið sársaukafullar og hvort hinn slasaði beri lýti eftir, þá ætti ekki að dæma vexti nema frá lokum aðfararfrests eða uppsögu dóms, en ella ekki nema grunnvexti, þar sem höfuðstóllinn hafi notið fullrar verðtryggingar.

Fyrir dóminn kom stefnandi málsins, Aðalbjörn Steingrímsson, og gaf skýrslu. Einnig gáfu skýrslu fyrir dómi vitnin Jón Sigurður Ólafsson húsa-smiður, nnr. 5173-8632, Unnarbraut 32, Seltjarnarnesi, og Guðmundur Leifsson húsa-smiðameistari, nnr. 3090-5334, Háukinn 10, Hafnarfirði.

6.0. Samkvæmt gögnum málsins benda allar líkur til, að meginorsök tjóns þess, sem um er deilt í málinu, sé að rekja til handalögmála þeirra, er áttu sér stað á veitingahúsinu Fógetanum að kvöldi 17. maí 1985. Eins og atvikum máls þessa er háttað, þykir mega rekja orsök á tjóni stefnanda til framgangs dyravarða veitingahússins umrætt sinn. Þótt ljóst sé, að stefnandi hafi haft uppi uppivöðslusemi eða ágengni, svo að nauðsyn bar til að hafa hemil á honum, var svo harður framgangur dyravarða sem raun varð á og til beinbrots leiddi ekki réttlætanager.

Ekki er um það deilt, að dyraverðir hússins voru, þegar þessi atvik áttu sér stað, starfsmenn stefnda, Fógetans hf. Bar stefndi því ábyrgð á verkum þessara starfsmanna sinna eftir reglum skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna á tjóni, er þeir valda við störf sín með ólögmætum og saknæmum hætti.

Þegar framangreint er virt og eins og atvikum máls þessa er háttað, verður að fallast á það með stefnanda, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir.

Jafnframt virðist ljóst, að stefnandi hafi umrætt kvöld sýnt nokkurn mótþróa og mótspyrnu, enda virðist leikurinn hafa borist um húsakynninn og endað með sameiginlegri byltu hans og annars dyravarðanna. Þeir þættir í atburðarásinni á veitingahúsinu, er varða framkomu stefnanda, þykja því

þannig vaxnir, að þeir réttlæti lækkun fébóta til hans, og beri hann því $\frac{1}{3}$ hluta tjónsins sjálfur, en stefndi bæti honum það að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Þegar framangreint er virt og metið er hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi, telur dómurinn með hliðsjón af gögnum málsins, að bætur fyrir fjárhagstjón og miska, sem stefnandi hefur orðið fyrir, séu hæfilega metnar á kr. 600.000.

Þá ber að dæma vexti í samræmi við kröfugerð stefnanda, svo sem nánar greinir í dómsorði. Krafan ber þó ekki dráttarvexti fyrr en 1. mars 1988, sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Dráttarvextir bætist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1989, sbr. 12. gr. sömu laga.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 130.000, þ.m.t. söluskattur.

Jón L.Arnalds borgardómrai kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fógetinn hf., greiði stefnanda, Aðalbirni Steingrímssyni, kr. 600.000 með 22% ársvöxtum frá 17. maí 1985 til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 30. apríl 1987, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1987, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí 1987, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1987, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1987, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, en með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 27. mars 1987, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 130.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Dráttarvextir bætist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 1. mars 1989.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.